

Aðsent.

Óttinn er myrkvaklefi hugans, og hjátrúin er lagvopn það, er hræsnin vegur sálirnar með. Hugrekki veitir frelsi, en hræðslan opnar fangelsisdýrnar. Sá, er ekki þorir að hugsa sjálfur, er óafvitandi fangi þess, er lætur hann hugsa eftir sínum eigin nótum. Sá, er getur talið þér trú um, að eitthvert málefni sé þér ofvaxið að geta nokkurn tíma skilið, og þér sé þess vegna bezt að skilja það og fylgja því eins, og hann sjálfur kennir, er búinn að setja handjárn á hugsanafrelsi þitt. Ekkert málefni er svo háleitt, að það standist ekki óbrjálaða hugsunarfræði; ekkert svo torvelt, að ekki megi skoða það, og ekkert svo heilagt, að ekki poli rannsókn.

Rannsókn er orð, sem margir misskilja, og eru þar af leiðandi hræddir við. Þeim finnst eitthvað óttalegt felast í því orði, og það eigi að útrýma því úr málinu, þegar um viss málefni er rætt. Hræðslan við þetta orð hefir staðið öllum vísindum fyrir þrifum. Hún hefir með hjálp kennifeðranna hafið heimskuna upp á veldisstól þjóðanna, og dýrkað hana og tilbeðið öld frá öld. Kyrkjan var hyrningarsteinn hennar hásætis, en vísindin voru elfa sú, er eyddi undirstöðu hans, og vogaði sér að kollvarpa tignarsæti heimskunnar. Rannsóknin hikaði eigi við, að slíta vébönd hjátrúarinnar, og sýna mismuninn milli þess rétta og þess ranga, góða og illa, myrkurs og ljóss.

Stjörnufræðin sýndi, að mannkynið byggi ekki á litlum ferhyrningsbletti með himininn sem þak yfir höfðum og afgrunnið und fótum sér, og áttavísirinn veitti mönnum kjark til að sanna það. Þegar læknisfræðin komst á það stig, að fara að rannsaka orsakir sjúkdómanna, fóru þeir að verða viðráðanlegir. Notkun málma, gufu og rafurmagns og yfirleitt alls þess, er eftir hefir heillir og bætt kjör mannkynsins, hefir veizt með rannsókn að eins, og samt finnst mörgum enn þenna dag í dag, að orðið rannsókn brenni augu sín, ef með því er hróflað við kenningum þeim, er fávíska aldanna hefir þvingað börn sín til, að gefa ótakmarkað og ódauðlegt gildi.

Enginn ætti því að óttast að dæma allt það, er hann veit,